



Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi  
Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. október 2020  
Tilvísun: 2020090249/10.2

**Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, Nýi Skerjafjörður - Fjölgun íbúða, staðsetning nýs skóla, breytt landnotkun og minnkað umfang landfyllingar í Skerjafirði**

Vísað er til tölvubréfs deildarstjóra aðalskipulags dags. 16. september 2020 þar sem tilkynnt er að tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, Nýi Skerjafjörður - Fjölgun íbúða, staðsetning nýs skóla, breytt landnotkun og minnkað umfang landfyllingar í Skerjafirði, sé í auglýsingu og óskað ábendinga eða athugasemda. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur tekið tillöguna og meðfylgjandi umhverfisskýrslu til umsagnar og gefur eftirfarandi umsögn.

HER vill benda á að við flutning staðsetningar á grunnskóla og meðfylgjandi lóð er farið nær því svæði sem staðfest hefur verið að er olíumengun í jarðvegi. Huga þarf að því að strangari kröfur þarf að gera til hreinsunar og jarðvegsskipta þegar um er að ræða starfsemi fyrir börn. Gera þarf ráð fyrir slíkum strangari skilyrðum í skipulagsskilmálum. HER vill einnig benda á að þar sem fyrirhuguð landfylling liggur að verndarsvæðum auk þess sem fyrirhuguð er að friðlýsa Skerjafjörð í heild sinni þarf að gæta vel að áhrifum á lífríki og gæta þess að áhrif á strauma og setflutninga sé í lágmarki.

Virðingarfyllst  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

*Svava S. Steinarsdóttir*  
Svava S. Steinarsdóttir  
Heilbrigðisfulltrúi